

Þriðjudaginn 11. maí 2021 var ársfundur Bakkahvamms hses. haldinn í stað- og fjarfundi og hófst hann kl.16:45.

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Skúli Guðbjörnsson og Kristján Sturluson. Ragnheiður Pálsdóttir var í gegnum fjarfundabúnað.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

Leitað er afbrigða fyrir að taka ársreikning Bakkahvamms hses. fyrir árið 2020 til afgreiðslu – *samþykkt.*

Leitað er afbrigða fyrir að taka breytingu á samþykktum Bakkahvamms hses. til afgreiðslu – *samþykkt.*

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningur 2020.

Lagt til að skýrsla stjórnar og ársreikningur verði afgreidd saman.

Formaður fer yfir skýrslu stjórnar og ársreikning Bakkahvamms hses. fyrir starfsárið 2020. *Ársskýrsla og ársreikningur 2020 samþykkt.*

2. Breyting á samþykktum

Lögð er fram tillaga frá stjórn að breytingum á samþykktum Bakkahvamms hses.:

„Önnur málsgrein 5. greinar samþykktar fyrir Bakkahvamm hses verði svohljóðandi:

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 3.000.000, sem er framlag stofnenda félagsins.”

Samþykkt.

3. Tilkynning um skipan stjórnar

Fulltrúaráðsfundur 11.05.2021 kaus stjórn til fjögurra ára og er hún þannig skipuð:

Aðalmenn:

Skúli Guðbjörnsson

Einar Jón Geirsson

Sigrún Margrét Halldórsdóttir

Ragnheiður Pálsdóttir

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Varamenn:

Jón Egill Jóhannsson

Sindri Geir Sigurðsson

4. Kosning endurskoðanda

Lögð er fram tillaga stjórnar um að Haraldur Reynisson hjá KPMG verði endurskoðandi Bakkahvamms hses.

Samþykkt.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:55